

151  
30. maí

## AUGLÝSING

um blöndun undanrennudufts í brauð og aðrar brauðgerðarvörur.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 13. janúar 1938 og ákvæðum í reglugerð frá 25. maí 1949, um blöndun undanrennudufts í brauð og aðrar brauðgerðarvörur, er frá 1. júní 1949 skylt að blanda íslenzku undanrennudufti í öll brauð, sem bökuð eru eingöngu eða aðallega úr hveiti, svo sem heilheitibrauð, franskbrauð, kringlur, skonrok og tvíbökur.

Sömuleiðis í kökutegundirnar: jólakaka, sódakaka, vínarbrauð og aðrar þær kökutegundir sem bakaðar eru úr vínarbrauðsdeigi, enn fremur í allar tegundir af kexi.

Magn af þurrmjólkurdufti, sem blandað er í brauð, kökur og kex, skal nema að minnsta kosti 6% af þurrefni þessara brauðgerðarvara.

Í allt hrökkbrauð, sem bakað er úr rúgi, hveiti eða höfrum, og annað brauð, sem bakað er með svipuðum hætti, skal blanda svo miklu af íslenzku undanrennudufti, að í þurrefni brauðsins séu að minnsta kosti 10% af undanrennudufti.

*Landbúnaðarráðuneytið, 30. maí 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Árni G. Eylands.*

152  
2. sept.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 129 21. desember 1944, um útvarpsrekstur ríkisins.

1. gr.

32. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Heimilt er útvarpsstjóra, hvenær sem er eftir 1. maí að gera ráðstafanir til þess að láta taka úr notkun og setja undir innsigli ríkisútvarpsins viðtæki þeirra útvarpsnotanda, sem ekki hafa greitt afnotagjöld sín fyrir þann tíma. Er þá útvarpsnotanda óheimilt að rjúfa innsiglið og taka viðtækið eða önnur viðtæki í notkun, nema leyfi ríkisútvarpsins eða umboðsmanns þess komi til.

Mönnum þeim, sem eru í þjónustu ríkisútvarpsins þessara erinda, skal heimilt að fara tálmunarlaust um lönd manna og hús, enda fari þeir ekki um hibýli manna á helgum dögum og ekki fyrir kl. 8 að morgni né eftir kl. 10 að kvöldi virka daga.

2. gr.

33. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Nú er afnotagjald af útvarpi ekki greitt innan mánaðar frá því er það fellur í gjalddaga, og getur þá útvarpsstjóri snúið sér til innheimtumanna ríkissjóðs með beiðni um, að gjaldið verði tekið lögtaki samkv. lögum.

3. gr.

34. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Þegar útvarpsstjóra þykir ástæða til, gefur hann út fyrirmæli til póstmeystara, póstaftgreiðslumanna og annarra innheimtumanna ríkisútvarpsins um að þeim sé